

## Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands

Fundur var haldinn í stjórn SKA mánudaginn 18.9. kl:11:30 í Teams í fjarfundi.

Mætt voru: Jóna Árný Þórðardóttir, Sara Svansdóttir og Björn Ingimarsson auk Snorra Styrkárssonar fjármálastjóra Fjarðabyggða og Guðlaugar Sæbjörnssonar. Fulltrúi Fljótdalshrepps fjarverandi.

Dagskrá:

**1. Kauptilboð í Búðareyri 4 (Hermes) á Reyðarfirði**

Tilboð bars frá Býtibúr ehf. (Ingrid Karis) að fjárhæð 32,9 milljónir króna, tilboðið er með 4 vikna fyrirvara um fjármögnun. Stjórn Skólaskrifstofu samþykkir framlagt tilboð Býtibúrs ehf.

**2. Lóðarleigusamningur um Búðareyri 4 á Reyðarfirði**

Lagður fram nýr lóðarleigusamningur um Búðareyri 4 á Reyðarfirði við Fjarðabyggð en fyrri samningur rann út 1966. Lóðarleigusamningurinn samþykktur.

**3. Rekstur Skólaskrifstofu Austurlands 2023 – byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks**

Snorri gerði grein fyrir samantekt/tillögu hans og Guðlaugs á endurskoðuðum áætlunum Múlaþings og Fjarðabyggðar um rekstur málaflokksins 2023 og gerðu einnig grein fyrir villu við fyrri áætlun. Samtals er gert ráð fyrir að greiðslur Skólaskrifstofunnar til sveitarfélagana nemi nú rúmum 750 milljónir króna en var áður áætlað um 541 milljón króna eða hækkun um rúmar 209 milljón króna. Samantektin/tillagan um endurskoðaða fjárhagsáætlun ársins 2023 samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl:12:10.

Fundargerð ritar Snorri Styrkársson

